



Dregur úr árshækkun launa – mestar hækkunarir á almenna markaðnum

Launahækkunarir áfram töluverðar

Launavísitalan hækkaði um 2,3% milli apríl og maí, en hefur þrátt fyrir það lækkað nokkuð á ársgrundvelli. Hækkunartaktur launa á ársgrundvelli hefur verið nokkuð stöðugur í rúmlega 7% í u.þ.b. ár en lækkar nú niður í 6,3%. Meginskýring lækkunar á ársbreytingu vísitölunnar eru minni launabreytingar í maí í ár en í fyrra, en áfangahækkunarir í almennum kjarasamningum voru í maí bæði í ár og í fyrra.

Stóru breytingarnar á launavísitölunni koma að mestu leyti fram í sama mánuði og áfangahækkunarir stóru kjarasamninganna verða. Hækkunin varð veruleg í febrúar 2015 og í mánuðina þar á eftir við upphaf kjarasamninga, svo eilítið minni í fyrra og talsvert minni nú. Fyrir utan þessar stóru áfangahækkunarir hefur launavísitalan að jafnaði hækkað um 0,4% á mánuði sem skýrist af sammingsbundum hækkunum annarra hópa og launaskriði.


Kaupmáttur tekur stökk upp á við

Verulega hafði hægt á aukningu kaupmáttar launa frá því sem mest var og hefur kaupmáttur verið nokkuð stöðugur frá því um mitt ár 2017. Þar sem verðlag lækkaði milli apríl og maí tók kaupmáttur stökk upp á við nú í maí og jókst um 2,4% milli mánaða. Kaupmáttur var 4,2% meiri í nú í maí en hann var fyrir ári. Frá áramótunum 2014/2015 hefur kaupmáttur launavísitölu aukist um rúm 24% eða tæplega 7% á ári. Það er verulega mikil aukning, bæði sögulega séð og í samanburði við önnur lönd.

Einstakir þættir launavísitölunnar


Upplýsingar um nákvæmara niðurbrot á launavísitölunni koma jafnan seinna en vísitalan sjálf. Nýjustu tölurnar um einstaka þætti vísitölunnar eru frá mars 2018 og þar með frá 1. árfjórðungi í ár.

12 mánaða hækkunartaktur launa




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Mánaðarleg breyting launavísitölu



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Launapróun og kaupmáttur



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



Launahækkanir starfsstétta

Breyting launa eftir starfsstéttum á einu ári frá 1. ársfjórðungi 2017 til sama tíma 2018 var mest hjá tæknum og sérmenntuðu fólki, 8,6%. Segja má að þetta endurspegli stöðu þessara hópa í efnahagslífinu um þessar mundir, en staða slíkra hópa er jafnan sterk þegar mikil eftirspurn er eftir vinnuafli. Staðan er áfram sú að laun stjórnenda hafa hækkað áberandi minnst á þessum 12 mánuðum. Laun tækna og sérmenntaðs fólks hækkuðu áberandi mest hjá tæknum og sérmenntuðu fólki og aftur lægst hjá stjórnendum.

Laun stóru hópanna

Sagan sýnir að launaþróun á opinbera og almenna markaðnum er yfirleitt mjög svipuð til lengri tíma. Yfir styttri tímabil er alltaf um einhverjar sveiflur að ræða en þær jafnast alla jafna út.

Sé litið á launabreytingar stóru hópanna á einu ári, milli 1. ársfjórðungs 2017 og 2018, má sjá að launahækkanir á almenna markaðnum hafa verið mun meiri en á opinbera markaðnum, eða tæp 8%. Launahækkanir hjá sveitarfélögum hafa verið minnstar. Staða kjarasamninga einstakra hópa sem gerðir eru á mismunandi tímum skýrir yfirleitt þessa stöðu.

Sömu sögu má segja um launabreytingar milli 4. ársfjórðungs 2017 og þess fyrsta 2018, þar hefur almenni markaðurinn hækkað mest.


Laun innan atvinnugreina

Sé litið til atvinnugreina hafa laun hækkað mest í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð frá 1. ársfjórðungi 2017, eða um 8,5%. Laun í framleiðslu og í fjármála- og váttryggingarstarfsemi hafa hækkað minnst. Launavísitalan hækkaði um 7,2% á þessum tíma þannig að laun í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð hafa hækkað verulega umfram meðaltalið en laun í framleiðslu töluvert minna.

Töluvert launaskrið í gangi


Sé litið á tímabilið frá janúar 2015 til maí 2018 má sjá að launavísitalan hefur hækkað töluvert umfram sammingsbundnar hækkanir sem sýnir að launakostnaður fyrirtækjanna hefur hækkað meira en samið var um í heildarkjarasamningi. Það passar auðvitað vel við hagsveifluna á þessum tíma og þýðir

Launaþróun eftir starfsstéttum -
breyting á 1. ársfj. 2018




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Launaþróun hópa á vinnumarkaði á
1. ársfjórðungi 2018



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Launaþróun eftir atvinnugreinum -
breyting á 1. ársfj. 2018



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



að staðbundnir samningar og hreint launaskrið hafa hækkað launin umfram það sem gert var ráð fyrir.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.